

ÍSLENSK VÆTTLEIÐING

Desember 2010



...við erum að tala
um réttindi sem fólk
á og hefur...



Gjaldskrá endurmótuð hækkan ekki ráðgerð

Frá stjórn félagsins

Vinnuhópur undir forstu varaformanns og gjaldkera Í.E. hefur unnið að endurskoðun á gjaldskrá félagsins.

Markmiðið með vinnuhópsins er að einfalda gjaldskrána og gera hana aðgengilegri. Drög að tillögum um nýja gjaldskrá voru lögð fram á stjórnarfundi þann 30. nóvember.

Í tillögunum felast engar hækkanir. Gjöldin verða

áfram þrjú og heildarupphæð gjalda sú sama en upphædir einstakra gjalda breytast. Lögð er áhersla á að skýrt verði hvaða þjónustu greitt er fyrir með hverju gjaldi og getið verði um hvaða kostnað þurfi hugsanlega að greiða í stökum tilvikum, kostnað sem fer eftir eðli umsókna og aðstæðum hverju sinni.

Á fundi þann 13. desember var ákveðið að vinna að gjaldskrárbreytingu í

samræmi við hugmyndir starfshópsins eftir samráð við félagsmenn. Í janúar verða hugmyndir að nýrri gjaldskrá kynntar á félagsfundi og afrekstur þess fundar verður kynntur í netmiðlum félagsins. Eftir hæfilegan umþöttunartíma, sem gefinn verður svo koma megi á framfæri athugasemdum og ábendingum, mun stjórn félagsins funda aftur um gjaldskrárbreytingar.

Nýr ráðherra - lofar öllu fögru...

Á glæsilegri ráðstefnu Í.E. sem Pasnefnd stóð að þann 16. október gerði nýr dómsmálaráðherra félaginu þann heiður segja nokkur setningarorð. Hafi nokkur efast um áhuga ráðherrans á málaflokknum dvínuðu þær

efasemdir vafalaust því ráðherrann sat samkomuna í nokkra klukkutíma. Fundarritari hafði þetta m.a. eftir ráðherranum: "Við erum að tala um réttindi sem fólk á og hefur" og það þarf að virða. Kjör-fjölskyldum skal veittur

stuðningur eftir heimkomu. Í vinnslu er samráð um það fyrirkomulag. Viðfangsefnið er dásamlegt og vill hann gera allt til að greiða götur kjör-fjölskyldna. Hann vill gera allt til að vinna að þeim málum sem Í.E setur sér.

Hliðarlisti einhleypra

Fundur 4. janúar

Það hefur verið á stefnuskrá félagsins lengi að leggja af svokallaðan hliðarlista einhleypra. Í viðræðum við Alþjóðlega ættleiðingu í tengslum við sameiningu félaganna í sumar var samið um hvernig staðið skuli að því verki, en mikilvægt er að tryggja hagsmuni þeirra sem verið hafa á listanum en líka þeirra sem leituðu annarra leiða í öðru félagi. Fundur með þeim sem verið hafa á biðlistanum sem kallaður hefur verið hliðarlisti verður 4. janúar en upplýsingar um fundinn verða sendar bréflega til hvers og eins.

Úttekt á ættleiðingarlöggjöf

Fráfarandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ragna Árnadóttir, samdi við Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni um að stofnunin taki að sér að gera úttekt á löggjöf um ættleiðingar og framkvæmd

“...fjármunastærðir eru af þeirri gráðu að þær skipta engu máli í ríkisrekstri, en geta skipt öllu máli í lífshamingju fjölmargra samborgara...”

ættleiðingarmála hér á landi og skili ráðherra sérstakri skýrslu þar að lútandi. Það voru hugmyndir Rögnu að skýrslan, sem unnin er af Hrefnu Friðriksdóttur, yrði grundvöllur að frekari stefnumótun á sviði ættleiðingarmála hér á landi. Samningur um skýrsluna var undirritaður 28. júlí síðastliðinn og samkvæmt honum var þess óskað að skýrslunni yrði skilað til ráðuneytisins fyrir 1. nóvember en vonir standa til að henni verði lokið fyrir áramót. Þann 2. september síðastliðinn léti Ragna af störfum sem ráðherra.

Suður- Afríka enn er von

Á stjórnarfundi hjá Í.E. þann 15. nóvember voru gefnar upplýsingar um möguleika á ættleiðingum frá Suður- Afríku en Karl Steinar hefur annast samskipti við tengilið okkar þar. Mikilvægt er að erindi frá Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti berist þarlendum yfirvöldum fyrir áramót. Á stjórnarfundi þann 13. desember upplýsti framkvæmdastjórinn að erindi frá stjórnvöldum hefði farið tímanlega til Suður- Afríku.

...vandséð er að embættismenn hafi tök á að setja sig inn í alla kima málafloksins...



Facebook við erum þar

Um þetta leyti í fyrra sögðum við frá veru félagsins á Facebook og upplýstum að félagið ætti þar 170 vini. Nú eru vinir Íslenskrar ættleiðingar á Facebook 358 talsins og þessi þáttur í félagsstarfinu er örugglega kominn til að vera.

Fjáframlag þarf að margfalda

Fulltrúar frá Íslenskri ættleiðingu funduðu með Ögmundi Jónassyni nýjum ráðherra yfir ættleiðingarmálaflokknum þann 27. september. Á fundinum var lagt fram minnisblaði þar sem bent var á að fjáframlag til málafloksins þarf að fimmfalda. Þar segir m.a.: Málaflokkurinn er viðfeðmur og spannar mismunandi reglur í fjölmögum upprunaríkjum ættleiddra barna. Mannafli á Ísandi til að sinna málaflokknum er mjög takmarkaður. Vegna gríðarlegs vinnuálags í Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu taka erindi þangað langan tíma í afgreiðslu og vandséð er að embættismenn hafi tök á að setja sig vel inn í alla kima málafloksins. Fjármunastærðir sem málaflokkurinn þarfust eru af þeirri gráðu að þær skipta engu máli í ríkisrekstri, en geta skipt öllu máli í lífshamingju fjölmargra samborgara okkar á hverju ári.

Velferð barna erlendis

Fjárlunarnefnd Í.E. starfar í samræmi við eitt af meginmarkmiðum Íslenskrar ættleiðingar, sem er að vinna að velferðarmálum barna erlendis.

Fjárlunarnefndin hefur til sölu jólakort, fin kort sem auðveldlega má líma myndir af fallegum börnum inn í 10 stk. á 1.000.- kr.

Pinn stuðningur skiptir miklu mál. Kortin fást á skrifstofu Í.E og hjá Klöru, auðveldast er að senda Klöru tölvupóst á mavahlid41@gmail.com. Hér er [vefsíða fjárlunarnefndar](#),

Fréttarit Í.E. 1. tbl. 2. árg. desember 2010.

Ritstjórn og ábyrgð: Hörður Svavarsson

Útgefandi: Íslensk ættleiðing Austurveri Háaleitisbraut 68

103 Reykjavík. Sími 588 14 80

Sjáðu líka isadopt.is og Íslensk ættleiðing á Facebook